

## HAFNARREGLUGERÐ

### fyrir Álfsneshöfn.

#### 1. gr.

##### Stærð og takmörk hafnarinnar.

##### Hafnarsvæði.

###### Takmörk á landi eru:

Lína sem dregin er meðfram lóðarmörkum Björgunar ehf. á iðnaðarsvæði við Álfsnesvík sem afmarkast af eftirfarandi hnitum samkvæmt gildandi deiliskipulagi:

- X 365748,72, Y 411712,76
- X 365612,00, Y 411722,01
- X 365442,16, Y 411841,20
- X 365573,50, Y 412021,83
- X 365743,97, Y 412044,79
- X 365679,44, Y 411943,66
- X 365836,51, Y 411832,68

###### Takmörk á sjó eru:

Lína sem dregin er innan gildandi deiliskipulags iðnaðarsvæðis við Álfsnesvík sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

- X 365546,12, Y 411767,36
- X 365538,39, Y 411753,72
- X 365507,65, Y 411775,42
- X 365432,52, Y 411669,58
- X 365340,36, Y 411733,37
- X 365281,02, Y 411815,43
- X 365275,63, Y 411883,73
- X 365320,46, Y 412157,57
- X 365398,28, Y 412137,13
- X 365453,40, Y 411903,22
- X 365475,93, Y 411888,00
- X 365442,16, Y 411841,20

*Landsvæði hafnarinnar skiptast í:* Hafnarbakka og bryggju ásamt aðkomuvegi.

Afmörkun hafnarinnar er í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir Reykjavíkurborgar.

#### 2. gr.

##### Stjórn hafnarinnar.

Björgun ehf. er rekstraraðili Álfsneshafnar, sbr. 3. tölul. 8. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Æðsta vald í málefnum Björgunar ehf. er í höndum lögmætra hluthafafunda samkvæmt samþykktum félagsins.

Með „hafnarstjórn“ er í reglugerð þessari átt við stjórn Björgunar ehf.

Með „hafnarstjóra“ er í reglugerð þessari átt við framkvæmdastjóra Björgunar ehf.

Hafnarstjórn skiptir sjálf með sér verkum.

#### 3. gr.

##### Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar, sem og ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leigu á húsnæði í eigu Björgunar ehf.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelða eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

## 4. gr.

*Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.*

Hafnarstjóri er framkvæmdastjóri Björgunar ehf. hverju sinni og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktar Björgunar ehf. Hann veitir hafnarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og reglugerðar um hafnamál, auk reglugerðar þessarar og annarra laga og reglna sem gilda um starfsemi hafna. Hafnarstjóri skal að öðru leyti fara eftir samþykktum hafnarstjórnar.

## 5. gr.

*Um aðra starfsmenn hafnarinnar.*

Starfsmenn Björgunar ehf. sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt. Starfsmenn skulu einnig klæðast einkennisbúningi samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

## 6. gr.

*Gjöld vegna reksturs hafnarinnar.*

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá er sett skal í samræmi við ákvæði gildandi hafnalaga, nr. 61/2003, laga um siglingavernd, nr. 50/2004, og þjónustugjaldskrá sem hafnarstjórn setur.

Gjaldtaka hafnarinnar samkvæmt gjaldskrá skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar, stofnkostnaði og kostnaði við viðhald hennar, auk þess sem heimilt er að taka tillit til arðsemi á endurmetnu eigin fé. Notendur hafnar geta krafist hafnarstjórn upplýsinga um kostnað sem almennt hlýst af að veita viðkomandi þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda.

## 7. gr.

*Arðgreiðslur.*

Björgun ehf. er aðeins heimilt að greiða arð til eigenda sinna eftir að fé hefur verið lagt til hliðar í fullnægjandi viðhald og endurnýjun hafnarinnar, sbr. 19. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Áður en ákvörðun er tekin um arðgreiðslur skal hafnarstjóri leggja fyrir hafnarstjórn skriflegt mat á viðhalds- og endurnýjunarþörf eigna félagsins næstu tvö ár.

## 8. gr.

*Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.*

Höfnin veitir, eftir atvikum, aðstoð dráttarbáta, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns og móttöku úrgangs eins og lög gera ráð fyrir.

Dráttarbátar eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrir mælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrir mæli gefin um að aðstoð sé lokið.

## 9. gr.

*Móttökuskýlda hafnarinnar o.fl.*

Hafnarstjórn skal taka á móti skipum í höfn eftir því sem rými og aðstaða leyfir, sbr. 21. gr. hafnalaga. Hafnarstjórn er þó heimilt að synja skipi um aðgang að höfn ef mönnum og umhverfi er talin stafa hættu af komu þess til hafnar.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

## 10. gr.

*Umferð á hafnarsvæði.*

Hafnarstjórn er heimilt í öryggisskyni að loka hafnarsvæði fyrir allri óviðkomandi umferð.

Hafnarstjórn skal, eftir því sem við á, leita eftir samstarfi við viðkomandi löggæsluyfirvöld um eftirlit með umferð á hafnarsvæði.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjórnar. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir.

Bannað er að iðka sund, vera á seglbrettum eða sjóskíðum eða þess háttar á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjórnar, nema á þar til afmörkuðum svæðum. Köfun er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjórnar.

#### 11. gr.

##### *Varnir gegn mengun og óþrifnaði.*

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öll losun í hafið á olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun er stranglega bönnuð.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, reglugerð um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum nr. 1200/2014 og öðrum gildandi lögum á hverjum tíma.

#### 12. gr.

##### *Kæruheimild.*

Notendum hafnarinnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt hafnalögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Samgöngustofu.

Ákvörðunum Samgöngustofu má skjóta til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

#### 13. gr.

##### *Viðurlög við brotum.*

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

#### 14. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Innviðaráðuneytinu, 19. janúar 2024.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Hermann Sæmundsson.*